

Gul taska – innihald

• Blær bangsi



Blær er tákmynd vináttunnar – sameiginlegur vinur allra barnanna og miðpunkturinn í að byggja upp velferð og samhygð í hópnum. Blær minnir börnin á að gæta hvert annars vel og vera góður félagi. Einnig hjálpar Blær til við ýmis verkefni, faðmar, gleður og huggar börnin.



• Litlir bangsar

Litlir bangsar fyrir hvert og eitt barn sem tákna samfélag *Vináttu*. Litlu bangsarnir eru einkavinur hvers barns. Þeir fylgja ekki töskunni en eru keyptir sérstaklega.

• Vináttu – Fróðleikur og leiðbeiningar um notkun



Í heftinu eru upplýsingar um *Vináttu*, fjallað um bakgrunn efnisins og hvernig hægt er að innleiða það og vinna með það. Að auki er í heftinu fjöldi hugmynda og verkefna.

• Vináttu – Verkefnahefti



Í verkefnaheftinu er að finna hugmyndir um hvernig vinna má með *Vináttu* á fjölbreyttan hátt. Sem dæmi má nefna, tónlistarleiki, taktæfingar, nudd og hópleiki – bæði til að leika inni og úti – þar sem áhersla er lögð á félagsheildina. Í heftinu eru einnig söngtextar og nótur fyrir tónlistina sem fylgir efninu.

• Veggspjöld fyrir börn




Veggspjöld, 14 að tölu, ætluð börnunum. Þau nýtast í umræður um ákveðnar aðstæður eða tilfinningar. Myndirnar á veggspjöldunum sýna raunsannar aðstæður sem ýmist börn, starfsfólk eða foreldrar geta upplifað.

• Veggspjöld fyrir starfsfólk og foreldra



Nokkur veggspjöld sem ætluð eru til notkunar með starfsfólki og/eða foreldrum.

• Skírteini




Skírteini sem staðfestir að unnið sé með *Vináttu* í leikskólanum. Skírteinið er hengt upp á áberandi stað svo allir sem koma í leikskólann sjái að skólinn tekur þátt í *Vináttu*.

• Veggspjald með fjórum grunngildum



Veggspjaldið með grunngildunum fjórum í *Vináttu* er hengt upp þannig að það sé sýnilegt bæði starfsfólki og foreldrum.

• Sögubók: *Lítill bók um stórar tilfinningar*



Í bókinni eru sviðsettar hinar ýmsu tilfinningar yngstu barnanna. Ný tilfinning er kynnt til sögunnar á hverri opnu og settar fram tillögur um hvernig hægt er að ræða og auka skilning barnsins á umræddri tilfinningu.

• Vísnaþók: *Lífið í leikskólanum*



Lítið barn getur upplifað margs konar tilfinningar á einum og sama deginum. Bókin byggist á 12 litlum rímvísu um kunnuglegar aðstæður úr hversdegi barnsins í leikskólanum. Hverri vísu fylgja spurningar og hugmyndir að verkefnum sem nýta má sem kveikju að samtali og samsömun.

• Gott er að eiga vin, fyrir börn yngri en þriggja ára – tónlist



Vináttu fylgir sérstök tónlist eftir [Anders Bøgelund](#). Ragnheiður Gröndal og Stefán Örn Gunnlaugson syngja. Tónlistin endurspeglar gildi *Vináttu* og þjálfar samskipti. Einnig fylgir tónlist sem nota má sem undirspil með nuddi eða í hvíld. Tónlistina er að finna á streymisveitunni Spotify undir heitinu *Vináttu – Gott er að eiga vin*, fyrir börn yngri en þriggja ára.